

Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Flateyri, 15. maí 2024

Umsögn ÍS 47 ehf um frumvarp til laga um lagareldi, mál 930.

Vísað er til frumvarps til laga um lagareldi, mál nr. 930. Í erindi þessu er að finna umsögn ÍS 47 við frumvarpið.

ÍS 47 ehf. er frumkvöðlafélag í fiskeldisstarfsemi á Vestfjörðum og hefur verið með samfellda eldisstarfsemi í Önundarfirði frá 2010 en þar áður í Ísafjarðardjúpi frá því um aldamót. ÍS 47 er með 1000 tonna leyfi fyrir eldi á regnbogasilungi og hyggur á frekari stækkanir og atvinnuuppbyggingu með aukningu eldisheimilda.

Að mati ÍS 47 er mjög brýnt að staða frumkvöðla í greininni sé tryggð með lagasetningu, komið sé í veg fyrir samþjöppun fiskeldisleyfa og tryggð sé atvinnuuppbygging fiskeldis í Önundarfirði.

I. Breytingar á lögum um fiskeldi frá 2019 og afleiðingar þeirrar lagasetningar

ÍS 47 furðar sig á því að ekki séu gerðar úrbætur í stefnumótun og fyrirhugaðri lagasetningu vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á lögum um fiskeldi nr. 71/2008 árið 2019. Sú lagasetning var afar ósanngjörn og hafði víðtækar afleiðingar og hefur enn afleiðingar (þá t.d varðandi mögulega skaðabótaábyrgð ríkisins vegna einstakra leyfisumsókna). Á vorþingi 2019, var lokið við umfangsmikla endurskoðun á lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Þá voru samþykkt lög nr. 101/2019 um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi. Yfirlýst markmið laganna var að styrkja lagaumgjörð og stjórnsýslu fiskeldis, en áhrifin voru í mörgu tilliti þveröfug. Lagabreytingarnar 2019 hafa leitt af sér verulega óvissu um leyfisveitingar, stuðlað að frekari samþjöppun eignarhalds í greininni og leitt af sér óréttmæta mismunun milli aðila sem fyrir lagasetninguna voru í sambærilegri stöðu. Í því sambandi er rétt að benda á nýlegan úrskurð Úrskurðarnefndar Umhverfis- og Auðlindamála frá 14. desember 2021 í máli nr. 102/2021. Í því máli komst nefndin að þeirri niðurstöðu að Skipulagsstofnun hafi verið óheimilt að hafna því að taka tillögu Hábrúnar hf. að matsáætlun fyrir 11.500 tonna fiskeldi á fjórum hafsvæðum í Ísafjarðardjúpi til efnismeðferðar vegna breytinga sem gerðar hefðu verið á lögum nr. 71/2008 um fiskeldi með lögum nr. 101/2019, sem staðfest höfðu verið af forseta 1. júlí 2019, en höfðu ekki verið birt fyrir en 19. júlí sama ár. Á þeim drætti hefur ekki verið fengin skýring. Auk þess hefur ekki fengist fullnægandi skýring á meðferð atvinnuveganefndar vegna lagasetningar um breytingar á lögum um fiskeldi frá 2019, þar sem skurðarlína leyfisumsókna sem héldu gildi sínu við lagasetninguna, gjörbreyttist á einni nóttu milli 2 og 3. umræðu án nokkurrar greiningar eða samráðs. Mál Hábrúnar hf. er mjög gott dæmi um óvönduð og ógagnsæ

vinnubrögð löggjafans og stjórnáæslunnar í heild er varða fiskeldi, sem geta leitt til skaðabótarábyrgðar ríkisins og hugsanlega hindrað alveg uppbyggingu lítilla frumkvöðlafélaga á Vestfjörðum.

Þegar lög nr. 101/2019 gengu í gildi hafði ÍS 47 unnið um langt skeið að umsóknum um auknar framleiðsluheimildir. ÍS 47 ehf hafði afhent Skipulagsstofnun ítarlega matsáætlun vegna umhverfismats fyrir 900 tonna framleiðsluaukningu í Önundarfirði. Álitamál er hvort þessi umsókn haldi gildi sínu samkvæmt lagaskilareglu sem fram kemur í bráðabirgðaákvæði II, þar sem fyrirtækið var í stakk búið til þess að ljúka frummatsskýrslu áður en löggin tóku gildi. Rétt er að undirstrika að matsáætlun og frummatsskýrsla eru efnislega sambærilegar skýrslur um mat á umhverfisáhrifum. Önnur fyrirtæki, sem bakland eiga í erlendum stórfyrirtækjum, náðu hins vegar að ljúka frummatsskýrslu og hugsanlega tryggja sér framleiðsluheimildir fyrir mörg þúsund tonn, grípi stjórnvöld ekki í taumana. Spiluðu þar einnig inn í fordæmalausar tafir við birtingu laganna sem aðeins útvöldum virtist kunnugt um. Niðurstaðan var sú að stórfyrirtæki í erlendri eigu náðu að tryggja hagsmuni sína, en innlendir frumkvöðlar, sem ekki höfðu viðlíka fjárhagslegan styrk og tengsl, misstu af lestinni.

ÍS 47 telur að lagasetning ráðherra og úthlutun leyfa í Önundarfirði eigi öðrum þræði að beinast að því að ráða bót á þeim annmörkum sem voru á lögum nr. 101/2019 og framkvæmd þeirra. Þá er enn fremur ástæða til þess að endurskoða lagaskilaregluna sem sett var með lögum nr. 101/2019 til þess að leiðrétta þá ómálefnalegu mismunun sem hún leiddi af sér gagnvart innlendum frumkvöðlum.

Í viðauka við umsögn þessa er að finna tillögu að lagabreytingu sem leiðrættir óréttláta málmeðferð þessara lagaskilamála frá 2019 en um er að ræða mál ÍS 47 og tvö önnur sambærileg mál.

II. Staða atvinnumála á Flateyri og leyfismál fiskeldis í Önundarfirði

Núverandi ríkisstjórn hefur haft uppi fögur fyrirheit um stuðning við atvinnuuppbyggingu brothættra byggða, en í því samhengi er minnt á fyrirheit stjórnvalda í skýrslu hinnar svonefndu Flateyrarnefndar. Í skýrslu nefndarinnar, sem gefin var út 2. mars 2020, lagði nefndin fram tillögur til þess að auka búsetuöryggi og styrkja grundvöll fyrir atvinnuuppbyggingu á staðnum.

Ein tillaga nefndarinnar sneri að fiskeldi, en í skýrslunni er bent á að uppbygging fiskeldis geti orðið veigamikill þáttur í atvinnuuppbyggingu og atvinnumálum byggðarlagsins. Bent var á að heimildir til fiskeldis væru ekki fullnýttar í firðinum miðað við 2.500 tonna burðarþolsmat, og voru stjórnvöld hvött til þess að setja úrvinnslu umsókna um leyfi til þess að auka eldi í firðinum í forgang. Nú eru liðin eru rúm 4 ár frá útgáfu skýrslunnar og 900t umsókn ÍS 47 um auknar heimildir í Önundarfirði, sem félagið hóf vinnu við árið 2018, er enn föst í „kerfinu“, og jafnvel útlit fyrir að umsókninni verði hafnað, sem væri þungt högg fyrir félagið og atvinnuuppbyggingu á Flateyri (sjá nánar lið II). Þess ber auk þess að geta að allur fiskur beggja ÍS 47 er unnin hjá vinnslu systurfélagsins, Hábrúnar hf í Hnífsdal.

Allt það sem að framan er rakið hefur átt sér stað á vakt núverandi ríkisstjórnar, á þessu og síðasta kjörtímabili. Ekki fær staðist að markmið ríkisstjórnarinnar hafi verið að leiða í lög reglur sem sköpuðu óvissu og ójafnræði, beita aðferð við birtingu þeirra sem grefur undan tiltrú á að jafnræðis og gagnsæis

hafi verið gætt, auka samþjöppun í fiskeldi og hygla erlendum stórfyrirtækjum á kostnað innlendra frumkvöðla, og vanefna fyrirheit um atvinnuuppbyggingu á Vestfjörðum og sérstaklega á Flateyri. En sú verður einmitt raunin ef fer fram sem horfir.

Stjórnvöld eiga enn kost á því að bæta það sem aflaga hefur farið. Að framan er rakið að lagarök standi til þess að félögin fá útgefin þau leyfi sem um var sótt. Ráðherrar í ríkistjórn ber ábyrgð á því, þ. á m. pólitíska ábyrgð, að stjórnarframkvæmd byggist á lögum og stuðli ekki að mismunun og ójafnræði.

III. Staða frumkvöðlafélaga og hugsanleg niðurfelling leyfa

Meðal þeirra meginbreytinga sem eru gerðar frá núgildandi löggjöf er innleiðing svokallaðra smitvarnasvæða sem eru skilgreind sem afmarkað svæði á sjó þar sem heimilt er að stunda sjókvíaelði eða hafeldi á nánar tilgreindum eldissvæðum. Ráðherra er falið að afmarka slík svæði að fenginni umsögn Matvælastofnunar („MAST“), sbr. 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins.

Meginregla frumvarpsins, sbr. 2. mgr. 12. gr. frumvarpsins, er sú að aðeins skal veita einum rekstrarleyfishafa leyfi til sjókvíaeldis. Frá meginreglunni er gerð undantekning í bráðabirgðaákvæði I, þar sem mælt er fyrir um að tveimur eða fleiri rekstrarleyfishöfum verði tímabundið heimilt að starfrækja sjókvíaelði á sama smitvarnasvæðinu eftir gildistöku laganna. Rekstrarleyfi á sama smitvarnasvæði verði svo felld niður af MAST þann 1. júlí 2028 hafi rekstraraðilarnir á svæðinu ekki náð samkomulagi um nýtingu svæðisins.

Framangreind bráðabirgðaákvæði gera engan greinarmun á stöðu eða forsögu eldis viðkomandi rekstraraðila á því svæði sem um er að tefla og virðist mega túlka ákvæðið svo að hin tímabundna heimild muni gilda fyrir öll rekstrarleyfi sem til staðar eru á viðkomandi smitvarnasvæði við gildistöku laganna og þau muni öll falla niður þann 1. júlí 2028 náist engir samningar.

Að óbreyttu getur ákvæðið leitt til þess að eldi sem rekstraraðili hefur stundað um áraraðir á tilteknum eldissvæðum falli niður. Ekki er fyrir það girt að nýlegt leyfi eða leyfi sem ekki hefur verið nýtt af neinu ráði hafi þessar afleiðingar og leiði til þess að aðili sem stundað hefur eldi um langt árabil verði gert að hætta starfsemi.

Eðlilegt og sanngjarnt verður að telja að gera í þessu samhengi greinarmun á stöðu aðila sem hafa um árabil stundað eldi á tilteknu svæði, og byggt upp rekstur sinn og fjárfestingar á þeim grundvelli, annars vegar og hins vegar stöðu leyfa sem enga eða takmarkað forsögu eiga á sama svæði. Í því sambandi mætti t.d líta til ívilnana með laxahlut sem verður boðinn út eða leigður af ríkinu. Í Öndarfirði verða t.d 1500t af óúthlutuðum laxahlut sem ríkið mun að öðru óbreyttu bjóða út eða leigja. ÍS 47 hefur enga möguleika á því að keppast við norsk stórfyrirtæki í útboði um slíkar heimildir. Því er áriðandi að lagasetning taki á þessu og tryggi stöðu og möguleika frumkvöðla og fyrirtækja í heimabyggð á því að nálgast slíkar heimildir og gera þeim kleift að ala lax einnig.

Til þess að koma í veg fyrir að bráðabirgðaákvæði I og II raski starfsemi sem komin er festa á og áralöng reynsla er nauðsynlegt að ákvæðin gerir greinarmun á leyfum eftir eldisreynslu og taki mið af þeirri starfsemi sem raunverulega hefur farið fram. Því mætti ná fram með tiltölulega einföldum breytingum

með því að kveða á um að aðili sem stundað hafi eldi óslitið í 5-10 ár fyrir gildistöku laganna njóti forgangs fram yfir þá rekstraraðila sem ekki búi yfir slíkri reynslu á sama svæði. Sú breyting myndi enn fremur treysta stöðu frumkvöðla í greininni og festa rétt þeirra í sessi, en það var markmið löggjafans með bráðabirgðaákvæði IX (vannýttur lífmassi) í núgildandi lögum um fiskeldi nr. 71/2008, sem ekki hefur enn komið til framkvæmda.

Það er óásættanlegt að ekki sé tekið með beinum hætti tillit til frumkvöðla í þessum drögum sbr. t.d. markmið breytingalaga nr. 59/2021 (bráðabirgðaákvæði IX um vannýttan lífmassa) um að tryggja stöðu frumkvöðla við úthlutun lífmassa og fiskeldisheimilda, en tilefni lagabreytinganna var sú réttaróvissa sem lögin frá 2019 höfðu skapað. Mikilvægt er að lagasetningin tryggi að þessum markmiðum verði náð.

Frumkvöðlar líkt og ÍS 47 eiga langa samfellda rekstrarsögu í sveiflukenndum rekstri, eins og fiskeldi er, og hafa lagt verulega að mörkum til atvinnusköpunar og uppbyggingar íslensks atvinnulífs á landsbyggðinni. Brýnt er að hugtakið „frumkvöðull“ verði raunverulega bundið við þá sem eiga samfellda sömu um rekstur eldis á tilteknu svæði í 10 ár, og að á þeirra vegum hafi raunveruleg eldisstarfsemi, með þeirri fjárhagslegu áhættu sem henni fylgir, farið fram. Má í því sambandi benda á að við upptöku aflaheimildakerfis fiskveiða, þá var að meginreglu varðandi aflahlutdeild einstakra skipa horft til veiðireynslu þriggja næstu ára á undan fyrstu úthlutun aflahlutdeildar (þá aflamarks). Slíkir frumkvöðlar ættu því að eiga rétt umfram aðra rekstraraðila til fiskeldis á einstökum fjörðum eða afmörkuðu hafssvæði þar sem stefna stjórnvalda er að þar starfi aðeins einn rekstraraðili.

IV. Bráðabirgðaákvæði I og II

Í ljósi þeirra sjónarmiða sem rakin eru í I. kafla hér að framan er óhjákvæmilegt að víkja nánar að bráðabirgðaákvæði I og II í frumvarpinu.

Í bráðabirgðaákvæði I frumvarpsins er rekstrarleyfishöfum veitt heimild til að starfrækja sjókvíaeldi á sama smitvarnasvæði til 1. júlí 2028. Ákvæðið skyldar aðila til að viðhafa samræmda útsetningu fiska og seiða og hvíld eldissvæða innan smitvarnasvæðis. Jafnframt er það skilyrði að rekstrarleyfishafar vinni sameiginlega að smitvörnum, viðbrögðum við sjúkdómum og vöktun laxalúsar, allt í samræmi við ákvæði frumvarpsins. Þá koma öll rekstrar- og starfsleyfi til með að falla úr gildi 1. júlí 2028 ef það leiðir til þess að fleiri en einn rekstrarleyfishafi hafi heimild til sjókvíaeldis á einu og sama smitvarnasvæði.

Til viðbótar við þá stöðu sem frumkvöðlar eru settir í með þessari tillögu er ljóst að bráðabirgðaákvæði I felur í sér margvísleg álitæfni sem gæti reynt á í framkvæmd verði frumvarpið að lögum enda virðist hér gert ráð fyrir samvinnu og samráði samkeppnisaðila og að rekstrarleyfishafar séu skyldaðir til samvinnu um skipulag og framkvæmd reksturs. Er beinlínis tekið fram í athugasemdum við ákvæðið að „með nokkurri einföldun [mætti] segja að þeir aðilar sem starfrækja sjókvíaeldi á sama smitvarnasvæði þurfi í reynd að haga mörgum rekstraratriðum eins og um einn og sama aðilann væri að ræða.“

Þrátt fyrir að um tímabundnar aðstæður sé að ræða er samt um að ræða langan tíma í atvinnurekstri fyrir viðkomandi aðila, eða allt að fjögur ár. Því verður ekki annað séð en að í lögunum sé mælt fyrir um eitt lengsta samráð sem þekkt er hér á landi á síðustu misserum án þess að lagt hafi verið sérstakt mat á áhrif þess og stöðu aðila. Þá felur slíkt samráð í sér að samkeppnisaðilar þurfa að deila upplýsingum um

viðkvæma viðskiptahagsmuni, t.d. viðskiptaleyndarmál eða aðra hagsmuni sem geta skaðað leyfishafa ef deilt er með samkeppnisaðilum. Þessi krafa um samstarf og samvinnu felur því í sér mikla vanþekkingu á atvinnustarfsemi, rekstrarumhverfi og hagsmunum rekstrarleyfishafa í sjókvíaeldi.

Eins og áður er rakið má af bráðabirgðaákvæði II jafnframt ráða að samkeppnisaðilum innan sama smitvarnasvæðis beri að koma sér saman um að annar rekstrarleyfishafi hætti sjókvíaeldi á tilteknu smitvarnasvæði gegn því að fá að hefja sjókvíaeldi á öðru smitvarnasvæði. Þannig eru rekstrarleyfishafar settir í þá stöðu að semja við samkeppnisaðila sem hafa í hendi sér hvort leyfi þeirra falli úr gildi eða ekki. Eins og áður er nefnt getur staða þessara aðila, reynsla og starfsemi verið með afar ólíkum hætti og ekkert tillit tekið til þeirra sem hafa byggt upp starfsemi á skilgreindu smitvarnasvæði.

Benda má á að umræddar breytingar varða grundvallarréttindi sem varin eru af stjórnarskrá, sbr. 72. og 75. gr. stjórnarskrárinnar. Frumvarpið felur þannig í sér skilyrði og reglur fela í sér takmarkanir á atvinnufrelsi, sbr. 75. gr. stjórnarskrárinnar, og varða atvinnuréttindi sem metin eru til fjárhagslegra gæða og njóta verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar. Í þessum efnum hefur verið gengið út frá því að opinber leyfi til atvinnustarfsemi njóti eignarréttarverndar. Jafnframt hafa leyfishafar í sjókvíaeldi komið sér upp starfsstöðvum og tækjum til atvinnurekstrarins og hafa væntingar um að geta haldið starfsemi áfram svo lengi sem þeir fullnægja skilyrðum leyfisins. Í framkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu hafa réttmætar væntingar verið taldar njóta verndar samkvæmt 1. gr. 1. samningsviðauka við Mannréttinasáttmála Evrópu.

Þótt löggjafinn hafi rúmar heimildir til að banna eða takmarka tiltekna starfsemi kann sú útfærsla sem lögð er til í frumvarpinu að fara gegn ákvæðum 72. og 75. gr. stjórnarskrárinnar, sérstaklega hvað varðar jafnræði og meðalhóf. Þótt lagt sé til að sömu reglur gildi um alla rekstrarleyfishafa og reglurnar eigi að vera almennar er ljóst að staða leyfishafa er mjög ólík, t.d. milli landsvæða, og ekki séð að lagt hafi verið fullnægjandi mat á hvernig þessar breytingar horfa við leyfishöfum enda bitna þær með mjög ólíkum hætti á þeim þar sem þeir hafa t.d. mismunandi hagsmuni og möguleika til að hætta starfsemi og byrja annars staðar.

Eins og áður er rakið hafa frumkvöðlar og núverandi rekstrarleyfishafar lagt í miklar fjárfestingar á síðustu árum og gengið í gegnum langt og strangt ferli innan stjórnsýslunnar og fengið útgefið rekstrarleyfi og hafa réttmætar væntingar til að geta nýtt þau leyfi. Því virðist gengið lengra en nauðsynlegt er með þessum lagaskilum og ekki tekið nægilegt tillit til frumkvöðla og uppbyggingar þeirra.

V. Smitvarnasvæði og skipulag eldissvæða og leyfa á Vestfjörðum

ÍS 47 fagnar mjög þeirri meginlínu sem er dregin í frumvarpsdrögum um að aðeins einn rekstraraðili sé starfandi í hverjum firði eða afmörkuðu hafssvæði og mörkuð verði sérstök smitvarnasvæði sem almennt skulu miðast við vatnshlot. Nýleg dæmi sl. tveggja ára hafa sýnt fram á gríðarlegt mikilvægi þess að aðeins einn rekstraraðili starfi á afmörkuðu svæði og hafi fulla stjórn og ábyrgð á því svæði. Einu firðir á Íslandi

sem opnir eru fyrir sjókvíaelði á Íslandi og þola hugsanlega tvo eða fleiri rekstraraðila eru Arnarfjörður, Ísafjarðardjúp og Reyðarfjörður.

ÍS 47 vill árétta að rekstraraðilar séu hafðir með í ráðum þegar kemur að því að meta hvort mögulegt sé að skipta smitvarnasvæði í minni smitvarnasvæði svo ekki tapist möguleikar til útsetningar seiða og hægt sé að vera með kynslóðaskipt eldi. Rekstraraðilar gætu í því sambandi kostað rannsóknir (t.d. straummælingar) til að meta möguleikann á að skipta einstaka smitvarnasvæðum í minni einingar án þess að smitvarnir veikist.

VI. Samþjöppun og eignarhald

Í frumvarpinu er hvergi að finna ákvæði sem taka á samþjöppun eldisheimilda á fáar hendur. Skýrsla BCG bendir á þá samþjöppun á eignarhaldi sem hefur átt sér stað í fiskeldi hér á landi. Í dag er yfir 90% framleiðsluheimilda samkvæmt útgefnum rekstrarleyfum til sjókvíaeldis í höndunum á þremur norskum fyrirtækjasamstæðum. Í sjávarútvegi eru skýrar reglur um takmarkanir á samþjöppun veiðiheimilda, en samkvæmt 13. gr. laga um stjórn fiskveiða getur engin einn aðili, eða félag í eigu tengdra aðila, farið með meira en 12-20% aflahlutdeilar í hverri fiskitegund sem lúta reglum um aflamark. Þá eru einnig í gildi takmarkanir á eignarhaldi erlendra aðila í fyrirtækjum sem stunda fiskveiðar samkvæmt lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991. Eðlilegt er að skoða hvernig megi leiða í lög reglur af þessum toga til þess að sporna við því að leyfi til fiskeldis safnist á hendur örfárra erlendra aðila.

Einnig er vert að benda á þá staðreynd að mjög erfitt er að sjá á frumvarpinu einhverja möguleika á nýliðun verða í greininni, frekar hitt að um enn frekari samþjöppun verði að ræða.

VII. Stöðutaka í leyfum og eldissvæðum

ÍS 47 fagnar mjög skýrum ákvæðum um afturköllun rekstrarleyfi vegna vannýtingar, sbr 64 gr. frumvarpsdraganna. Einstaka rekstraraðilar hafa stundað það að fá úthlutað, halda leyfum og nýta ekki, jafnvel aldrei. Matvælastofnun hefur auk þess ekki fylgt eftir mjög skýrum ákvæðum um afturköllun rekstrarleyfa, sem ekki eru nýtt, í fullu samræmi við 15. og 16. gr. laga um fiskeldi. Mörg dæmi eru til um slíka stöðutöku norsku félaganna í leyfum og eldissvæðum án þess að nýta hvorugt um árábil, t.d. eru mörg dæmi um slíkt í Ísafjarðardjúpi og í Önundarfirði. Útgáfa rekstrarleyfa og eldissvæða hlýtur að vera ætluð til þess að rekstraraðilar nýti þau í reynd, en ekki til að „hanga“ á þeim árum saman og vera þannig fyrir aðilum sem hyggja á raunverulega nýtingu og starfsemi.

VIII. Eldi á regnbogasilungi

Í stefnumótun BCG er talað um öflun þekkingar á áhrifum sjókvíaeldis, mikilvægi þess að byggt sé á rannsóknum og vísindum sem og lágmrörkun umhverfisáhrifa og verndun villtra stofna. Í þessu sambandi er vert að benda á að engin hætta er á erfðablöndun regnbogasilungs, jafnframt eru lúsavandamál mun minni sem og afföll sé miðað við lax. Í frumvarpinu ætti því að gera regnbogasilungi mun hærra undir höfði en eingöngu með afslætti af gjöldum. Regnbogasilungur er í dag með 50% afslátt af fiskeldisskatti miðað

við lax og er það jákvætt, þó mætti ganga lengra þannig t.d. fyrstu 3-4000þ tonn af framleiddu magni á ári séu undanþegin gjaldskyldu. Enn æskilegra væri að veittar séu ívilnanir með leyfisveitingar á regnbogasilungselði. Auk þess er brýn þörf á því að regnbogasilungselði sé undanskilið friðunarsvæðum og að þau svæði nái eingöngu til frjónra laxa.

Þá er vert að geta þess að fyrirhugaðar þvingunaraðgerðir og möguleg skerðing leyfa taki miða af því að um regnbogasilung sé að ræða en ekki frjóan lax og skýr greinamunur sé gerður á þessum tegundum, t.d. við strok.

Lokaorð

Skorað er á viðtakendur þessa bréfs að beita sér fyrir því að innlend fyrirtæki, stofnuð af heimamönnum á Vestfjörðum, verði ekki svipt möguleikum sínum til þess að vaxa og dafna.

Að lokum vill undirritaður ítreka að lagasetningin miði að því að minnka samþjöppun í greininni og tryggja rétt lítilla íslenskra frumkvöðlafélaga sem hafa orðið undir í baráttunni við erlend stórfyrirtæki og hafa auk þess orðið fyrir barðinu á vanhugsuðum lagasetningum í fiskeldi.

Virðingarfyllst,



Gísli Jón Kristjánsson, stofnandi ÍS 47 ehf.
Is47@simnet.is 892-1062

Viðauki I

154. löggjafarþing 2023-2024
Þingskjal x-x mál
Stjórnarfrumvarp

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um fiskeldi, nr. 71/2008 (lagaskilaregla).

Frá matvælaráðherra.

1. gr.

Eftirfarandi breytinga verði á ákvæðum til bráðabirgða:

Á eftir ákvæði til bráðabirgða II komi nýtt ákvæði til bráðabirgða II. b., svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða II skal vera heimilt að afgreiða umsókn um rekstrarleyfi eftir eldri ákvæðum laganna, hafi matsáætlun verið skilað fyrir gildistöku bráðabirgðaákvæðis II og frummatsskýrslu verið skilað innan 4 mánaða frá gildistöku ákvæðisins, eða hafi umsækjandi um rekstrarleyfi tilkynnt um fyrirhugaða framkvæmd fyrir gildistöku bráðabirgðaákvæðis II og málsmeðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, eða eftir atvikum lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, hefur verið lokið við gildistöku þessa ákvæðis með ákvörðun um að framkvæmd sé ekki háð umhverfismati.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lögð til breyting á lagaskilareglu núgildandi laga um fiskeldi nr. 71/2008. Lagaskilareglan sem nú er að finna í lögum um fiskeldi, sem ætlunin er að breyta með frumvarpi þessu,

gekk í gildi með breytingalögum nr. nr. 101/2019, sem samþykkt voru á vorþingi 2019. Þá var einnig samþykkt ákvæði til bráðabirgða VIII, þar sem mælt er fyrir um að lögín skuli endurskoða fyrir maí 2024.

Með breytingalögnum nr. 101/2019 voru gerðar umfangsmiklar breyting á lagaramma fiskeldis. Fólu lögín meðal annars í sér nýja reglu um úthlutun framleiðsluheimilda með nýju ákvæði, 4. gr. a., sem kveður á um opinbert útboð nýrra eldissvæða. Í upphaflegu stjórnarfrumvarpi voru lagaskil mörkuð þannig að fram komnar umsóknir um rekstrarleyfi á svæðum sem átti eftir að burðarþolsmeta myndu ekki ná fram að ganga á grundvelli eldri reglna og að úthlutun svæðanna færi fram samkvæmt nýju úthlutunarreglunni. Samhliða var jafnframt kveðið á um að fram komnar umsóknir fyrir burðarþolsmetin svæði myndu halda gildi sínu, og ekki yrði úthlutað skv. nýrri reglu á þeim svæðum.

Í meðförum Alþingis, milli annarrar og þriðju umræðu, tók frumvarpið hins vegar miklum breytingum varðandi gildi umsókna. Var fellt niður ákvæði sem kvað á um að umsóknir á burðarþolsmetnum svæðum héldu gildi sínu en þess í stað kveðið á um að aðeins umsóknir um rekstrarleyfi fyrir sjókvíaeldi á hafsvæðum sem hefðu verið metin til burðarþols og þar sem málsmeðferð samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, væri lokið eða frummatsskýrslu hefði verið skilað fyrir gildistöku laganna héldi gildi sínu og færu eftir ákvæðum eldri laga. Í nefndaráli meirihluta atvinnuvegarnefndar er tilgangur breytingarinnar útskýrður svo að með breytingunni „...sé gætt jafnræðis þeirra aðila sem sannanlega hafa lagt út í kostnað og vinnu vegna fyrirhugaðs fiskeldis“.

Lög nr. 101/2019 voru samþykkt eftir þriðju umræðu á Alþingi þann 20. júní 2019 og voru staðfest af Forseta þann 1. júlí það ár. Hins vegar voru lögín ekki birt fyrir en 19. júlí 2019. Í nýlegri stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar var fjallað um þessa sérstæðu töf sem var á birtingu laganna. Gerði Ríkisendurskoðun alvarlegar athugasemdir vegna atvika sem tengjast töfum á gildistöku laganna, og framkvæmd og útfærslu lagaskilareglunnar, og segir þar m.a.:

Ríkisendurskoðun telur alvarlegt að birtingu laganna hafi verið frestað með þeim hætti sem raun ber vitni. Umrædd töf var til þess fallinn að grafa undan tiltrú almennings og annarra hagsmunaaðila á að jafnræðis og gagnsæis væri gætt af hálfu stjórnvalda. Ásýndin er sú að þau fyrirtæki sem skiluðu frummatsskýrslum milli samþykktar og gildistöku laganna hafi notið góðs af frestun birtingarinnar og fengið óeðlilegt svigrúm til að uppfylla bráðabirgðaákvæði laganna. Benda verður á að umrædd löggjöf bauð upp á að fyrirtæki sem höfðu hafið undirbúning vegna sjókvíaeldis á tilteknum svæðum myndu keppast við að ljúka frummatsskýrslum þó svo að það myndi bitna á gæðum vinnunnar. Með skýrari ákvæðum um lagaskil og framvindu þeirra verkefna sem þegar voru í undirbúningi hefði mátt vinna gegn því en tryggja um leið að vinna viðkomandi aðila hefði ekki farið í súginn.

Ríkisendurskoðun bendir á að meinbugir voru á útfærslu lagaskilareglunnar og birtingu laganna, sem leiddi til þess að tilviljun var að nokkru háð, hvaða umsóknir voru afgreiddar samkvæmt eldri lögum. Afleiðingin varð í reynd sú að markmiði laganna um að gætt sé jafnræðis þeirra aðila sem sannanlega höfðu lagt í kostnað og vinnu vegna fyrirhugaðs eldis var ekki fyllilega náð. Er sérstaklega horft til fyrirtækjanna Hábrúna hf. og Arnarlax hf. sem skilað höfðu drögum að matsáætlun áður en lögín tóku gildi, en skiluðu frummatsskýrslum, sem efnislega byggjast að langmestu leyti á matsáætlun skv. eldri lögum, skömmu eftir gildistöku laganna, en einnig ÍS 47 ehf. sem tilkynnt hafði um framkvæmd sem ekki var háð umhverfismati en Skipulagsstofnun hafði ekki afgreitt fyrir gildistöku laganna. Framangreindir aðilar höfðu lagt sams konar kostnað og vinnu í undirbúning eldis og þeir aðilar sem náðu, vegna tafa sem urðu á birtingu laganna, ótvírætt þeim áföngum sem lagaskilareglan mælti fyrir um.